

Með einu pennastriki

Eftir Sigurð Benediktsson og Kristínu Heimisdóttur

Velferðarráðherra, Guðbjartur Hannesson, ræðst ómaklega að tannlæknum úr ræðustól Alþingis í óundirbúinni fyrirspurn þingmannsins Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Hann sakar tannlækna um að nota börn í kjarabaráttu sinni. Vegna þessara ummæla er okkur bæði ljúft og skylt að upplýsa ráðherrann um eftirfarandi staðreyndir, sem ættu þó að vera honum vel kunnar.

Hjálparvakt eða átaksverkefni

Tannlæknafélag Íslands átti frumkvæðið að Hjálparvakt tannlækna árið 2009. Hjálparvaktin var unnin í sjálfböðavinnu í samstarfi við tannlæknaeild Háskóla Íslands. Hjálparvaktin var öllum opin óháð efnahag og nýttu fjölmörg börn með illa skemmdar tennur sér þjónustuna. Tannlæknar víðs vegar af landinu unnu án launa þann tíma sem vaktin stóð.

Átaksverkefni velferðarráðuneytis er allt annars eðlis. Þar sem velferðarráðuneytið við tannlæknaeild Háskóla Íslands um tímabundna tannlæknaþjónustu fyrir börn efnaminni foreldra að undangengnu mati. Ekki er þó metið eftir ástandi tanna eða meðferðarþörf – sem þó ætti að vera grundvallaratriði. Þessi þjónusta stendur öllum börnum efnaminni heimila til boða og er greiddur ferðastyrkur til þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Það getur farið töluvert hærru upphæð í að greiða ferðakostnað barna og fylgdarmanna en í tannlækningar sjálfar. Dæmi eru um einstaklinga sem aldrei hafa greinst með tannskemmdir, en nýta sér þessa þjónustu og fá ferðastyrk fyrir sig og fylgdarmann til Reykjavíkur algerlega að ástæðulausu.



Sigurður Benediktsson



Kristín Heimisdóttir

Samningar

Velferðarráðherra talar um að ekki hafi tekist samningar við tannlækna. Árið 2007 náðust samningar við Tannlæknafélag Íslands um gjaldfrjálsar skoðanir sex og tólf ára barna. Velferðarráðherra er flokksmaður Samfylkingarinnar sem ásamt Sjálfstæðisflokki stóð fyrir nýjum lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 sem gera ekki ráð fyrir að samið sé við fag- eða stéttarfélög. Í umsögn um löggerði Tannlæknafélag Íslands atugasemd við þetta fyrirkomulag og gagnrýndi að ekki væri hægt að semja við félagið í heild sinni. Ítrekað hefur verið bent á þetta á fundum með forsvarsmönnum Sjúkratrygginga Íslands.

Einnig hefur verið bent á árlegan afgang af fjárlögum sem nota má til endurgreiðslu tannlækna-areikninga. Þessi afgangur nemur hundruðum milljóna ár hvert og á tíu ára tímabili eru ónýttar heimildir um þúsund milljónir króna. Á þessum árum hefur ráðherra heilbrigðismála verið í lófa lagið að hækka endurgreiðslugjaldskrá sjúkratrygginga með einni tilskípun, sem hefði haft þær afleiðingar að tryggðir sjúklingar fengju meira endurgreitt af útlögðum tannlæknaakostnaði. Endurgreiðslugrá SÍ hefur ekki hækkað síðan árið 2004. Börn, sem fæddust það ár, eru komin í grunnskóla – svo langt er um liðið og lýsir þetta vilja ráðherra og embættismanna til að bæta úr. Núverandi velferðarráðherra getur breytt endurgreiðslugjaldskrá SÍ með einu pennastriki.

» Núverandi velferðarráðherra getur breytt endurgreiðslugjaldskrá SÍ með einu pennastriki.

Hrein tönn skemmist ei

Síðast en ekki síst: Af hverju skemmast tennur? Grundvallaratriði sem oft hefur gleymst í hinni almennu umræðu. Við fæðumst öll með heilar tennur – reyndar getur glerungur verið gallaður í undan tekningartúlfellum, en meginreglan er sú að tennur koma heilar í munn. Í munnum er safn baktería sem skemma tennur. Ráðið sem við höfum til að halda þeim í skefjum er hreinsun með tannbursta og tannþræði. Einnig getum við haft áhrif með því að fylla ekki munninn endalaust af næringu fyrir bakteríurnar, en sykur, gos og önnur óhollusta er þar efst á óskalista þeirra. Tennur skemmast ekki, ef um þær er almennilega hugsað. Því er grunnskylda okkar sem foreldra og heilbrigðisstarfsmanna að hugsa um tennur barnanna.

Áhersluatriði

Við verðum að leggja áherslu á forvarnir, flúorlökkun, skorufyllingar og fræðslu fyrir börn og unglinga og reynslan hefur sýnt að vel er hægt að ná samkomulagi við tannlækna um tannlækningar barna. Viljinn þarf að vera til staðar hjá embættismönnum og stjórnvöldum. Með því að fara að tillögum starfshóps Tannlæknafélags Íslands um forvarnir og skiptingu í áhættuhópa má leggja grunn að góðri tannheilsu þjóðarinnar. Þessar tillögur hafa legið í velferðarráðuneytinu frá hausti 2010. Hættum að berja höfðinu við steininn eða hnefanum í ræðupúltið og hefjumst handa í sameiningu og af viti. Átaksverkefni velferðarráðherra er hliðarspor sem engu skilar til frambúðar.

Höfundar eru tannlæknar. Sigurður er formaður Tannlæknafélags Íslands og Kristín er gjaldkeri Tannlæknafélags Íslands.